



Hlöðungur

Frjáls, óháður

1. TBL 6. ÁRG.
MARS 2011

If television's a babysitter, the Internet is a drunk librarian who won't shut up.

Upp með hendur!



Hér sést einn sjóræningjanna leiðbeina gíslunum skömmu áður en lögreglan skarst í leikinn—*Ljósmynd: Heimilið og KRON*

Sjóræningjar gera óskunda við Þjóðarbókhlöðuna. Töldu sig vera á alþjóðlegu hafsvæði.

Starfsfólki Þjóðarbókhlöðunnar brá heldur betur í brún á miðvikudaginn var þegar sómalskt sjóræningjaskip birtist á síkinu við húsið og gerði strandhögg. Ræningjarnir tóku nokkra lykilstarfsmenn í gíslingu og hótuðu öðrum líkamsmeiðingum ef ekki yrði gengið að kröfum þeirra.


Mikill viðbúnaður var hjá lögreglu vegna málsins og tókst víkingasveitinni að yfirbuga ræningjana eftir nokkur átök. Engan gíslanna sakaði utan að einn fann fyrir vægum maláriueinkennum.

Munu þeir hafa haldið því fram eftir handtökuna að þeir væru alls ekki frá Sómalíu, heldur Ísafirði, og hefðu verið að mótmæla ólöglegum maktíveidum Sunnlendinga í Garðshöfn og Helgavík.

Skipulagsbreytingar á skrifstofu landsbókavardar

Landsbókavörður fór út í viðamiklar skipulagsbreytingar á skrifstofu sinni um áramótin. „Mig langaði í fleiri svið og draga fram áherslur á þetta rafræna“ sagði landsbókavörður í samtali við Hlöðung. „Ég er núna með fimm svið í staðinn fyrir þrjú, alveg truflað flott“ og bendir á stafla af sviðakjómum sem er haganlega komið fyrir við hlið tölvunnar.

Hún nýtti sér aðstoð sérfræðinga og fékk Símon Jónsson innanhúss-



hönnuð til að stíliseru skrifstofuna upp á nýtt. „Lykillinn að velheppnaðri skrifstofu er að blanda saman prófessionál og persónulegum áherslum, það lúkkar svaka

vel að hafa þetta rafræna sýnilegt“ sagði Símon í samtali við Hlöðung og benti á þetta rafræna í einu horni skrifstofunnar—*Ljósmynd: Lúður-hljómurinn*



Korkeakoulut ja ikkunat Ihmiset stofnunin í Espo.—Ljósmynd: Rit Fegrunarfélags Reykjavíkur

G J A F A H O R N I Ð

Handritadeild hefur fengið til varðveislu öll handrit ónafngreinds fyrrum forsætisráðherra.

Í tilefni þessarar merku gjafar var gestum boðið til eimbaðs í Vesturbæjarlauginni. Var mál manna að vel hefði tekist til við að endurvekja andrúmsloftið úr Snorralaus. Fjölmenni var við afhendingu handritanna og boðið uppá ískalt maltöl og sólberjasafa. Mæltist Erni Hrafnkelssyni svo við athöfnina að sjaldan eða



aldrei hefði svo mikið og merkt safn komið í hús í einu lagi. Hann var að vonum kampakátur. Safnið verður varðveitt í sérsafninu Örninn er sestur.

Örn fagnaði gjöfinni með því að taka í nefið eins og venja er við slík tækifæri.—
Ljósmynd: KEA-fregnir



Veitið þér enn (eða hvað?)

Starfsfólk annarrar hæðar lagði land undir fót á fyrsta degi þorra. Ferðinni var heitið til Finnmerkur. Áætlað var að heimsækja eina af hinum margrómuðu þekkingarveitum á norðurslóð og fyrir valinu varð hin gamalgróna stofnun Korkeakoulut ja ikkunat Ihmiset.

Eins og gefur að skilja bar margt nýtt fyrir augu og komu starfsmenn Þjóðarbókhlöðunnar reynslunni og þekkingunni ríkari heim á sjálfan konudaginn. Á milli þess sem gestirnir svolgruðu í sig Finlandia vodka og slökuðu á í finnskri gufu voru veitusalir skoðaðir og fékk hver og einn gestur að reyna á eigin haus hvernig þekkingu er veitt. Var það samróma álit að sjaldan hefði verið farin eins mikil frægðarfor á vegum Þjóðarbókhlöðunnar.



Gestirnir fengu prófa á eigin haus hvernig þekkingunni er veitt viðstöðulaust. Hér er Sigurgeir að þiggja veitingu.—Ljósmynd: Turntíðindi



Að afloknum hverjum degi var slakað á öllum vöðvum í dásamlegu sánabaði. Ásgeir Berg, Guðlaug og Stefania vafin í lífræna, finnska, bómul.—Ljósmynd: Menntskælingur



Fæst í safnbúð við útlánaborð á 2. hæð, aðeins 2.995,-



Óvanaleg gjöf barst Landsbókasafni á dögnum. Finkuparið Goggi og Maggi komu með hraðsendingu frá Stykkishólmi ásamt miklu magni af sendibréfum. Það var hátíðleg stund á sjálfan Valentínusardaginn þegar Gogga og Magga var hleypt formlega í lofræstikerfið og eru vonir bundnar við að nú geti allir andað léttar og aðaska úr jöklum verði ekki vandmál framár.

Skráargatið

Skráargat Hlöðvers barði að þessu sinni haus sínum við þakplötur og þargróður geystist með gamm gegn vindmyllum og tók hús á nokkrum starfsmönnum. Það voru þau Áslaug, Ívar, Magnhildur, Laufey og Sveinbjörg sem flögruðu fyrir svörum skráargatsins:



Hver er þín uppáhalds bók (bækur) – og af hverju?

Áslaug: *Anna Karenína* og *A Tree Grows in Brooklyn*. Hef lesið þær báðar oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og er alltaf jafn hrifin.

Ívar: *Sultur* Hamsuns – magnaðar lýsingar á tilfinningum örvæntingarfulls einstaklings – klassískt efni í hvaða kreppu sem er.

Magnhildur: *Bróðir minn Ljónshjarta* því sú bók kom fyrst upp í hugann sennilega vegna þess hvað hún hafði mikil áhrif á mig bæði þegar ég las hana sem barn og fullorðin.

Laufey: *Moli flugu-strákur* 1. Þegar Moli lendir í vefnum hjá Köngli. Mögnuð spenna fyrir þriggja ára. Norsk ævintýri. Alltaf nýr hryllingur í boði en réttlætið sigraði þó ávallt að lokum. *Uppreisnin á barnaheimilinu*. Mjög góð bók fyrir ómótaðar barnssálir. *Myndin af Dorian Gray*. Breytti viðhorfi mínu til lífsins. *Alkemistinn*. Breytti mér. *AA-bókin*. Hefur breytt lífi svo margra. *Biblían*. Hún er náttúrulega aðal bókin

Sveinbjörg: Úff ég myndi aldrei geta gert upp á milli. Sem betur fer eru til svo margar frábærar bækur!

Hvaða bók ertu með í láni á safninu – tjah og/eða hvað ertu að lesa um þessar mundir?

Áslaug: Ég er með rúmlega 40 bækur í láni! en það sem ég er að lesa akkúrat núna er *Handritið* eftir Braga Ólafsson og *The Pursuit of Love* eftir Nancy Mitford.

Ívar: *Möðruvallahreyfingin: baráttusaga*.

Magnhildur: *Borða, biðja, elska*.

Laufey: Ég er með margar bækur í láni en var að byrja að lesa bók í gær sem ég á sjálf. Hún heitir *Heimsóknartíminn* og er eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Lofar góðu.

Sveinbjörg: Ég er með mikið af bókum um Kambodíu í láni akkúrat núna. En ég er að lesa bók sem heitir *Under the Drops of Falling Rain* eftir Mrs Oum Suphany (sem hún gaf mér:) en bókin er uppgjör Suphany við ofríki Rauðu Khmeranna. Svo er ég að lesa bók eftir Gretel Ehrlich sem heitir *The Solace of Open Spaces* sú er líka endurminningarbók, en þó ekki eins hræðileg. Hún er um þegar Ehrlich vann sem kúreki og fjárhirðir í Wyoming. Kúrekasaga sem kallast á við Walden og Vestra.

Lestu í baði?

Áslaug: Ég fer yfirleitt í sturtu og les lítið þar. En ef ég fer í bað þá er það sáþukúlubað og ég gríp yfirleitt einhverja bók með mér, ómerkilega, ef ég skyldi óvart missa hana.

Ívar: Kemur fyrir.

Magnhildur: Nei

Laufey: Nei, en stundum í sturtu.

Sveinbjörg: Jahá! Það er mjög mikilvægt dekurinnlegg í mína tilveru, gjarnan með bjór eða hvítvínslögg innan seilingar.



Hvaða kvikmynd sástu síðast? – Var hún góð?

Áslaug: *Another Year* – já, mjög góð.

Ívar: Oliver Stone: *South of the Border* – var la la. Athyglisverður frasi í myndinni: „Það er megn brennisteinsfnykur hér í salnum“ sem Chavez sagði á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eftir ræðu Bush, forseta Bandaríkjanna.

Laufey: *Another Year* í Paradísar-bíói. Æðisleg mynd.

Sveinbjörg: Síðasta mynd sem ég sá var heimildarmynd um Heidi Anderson: *Armbryterskan frá Ensamheten*. Mæli sko með henni!





Svo finnst mér alltaf skemmtilegt að taka þemarispur í bíóglápið. Núna td vill svo heppilega til að Bíóparadís er með Jacques Demy-mánuð því ég átti einmitt eftir að sjá *La Baie des Anges*, en í henni leikur Jeanne Moreau sem er ásamt Jacques Demy flækt inn í þemað að þessu sinni, en þemað er reyndar alltaf soldið úfið og er svona línulegur hrærigrautur. Þau sem eru í pottinum núna eru Catherine Deneuve, Jeanne Moreau, Jacques Demy og Agnès Varda. Og það er ekki verra að fá að sjá slíka gullmola í Bíósal!

◆
Hvaða kvikmynd hefurðu séð fimm sinnum eða oftar?

Áslaug: Það mun vera *A Hard Day's Night* í Tónabíó þegar ég var 15 ára.

Ívar: *A Hard Day's Night* ca 13 sinnum, *Goldfinger* (James Bond) ca 9 sinnum, *Help* (Beatles) ca 6



sinum, *Fistful of Dollars* ca 6 sinnum – fékk ókeypis aðgang að Tónabíói á barnaskólaaldri.

Magnhildur: *Dirty Dancing*.

Laufey: Kannski *The Big Lebowski*.

Sveinbjörg: Ég held enga, en þær sem komast nálægt því eru td: *Coneheads*, *Limelight*, *Back to the Future*, *Gremlins II* (dásamleg upprifjun!), *Les Parapluies de Cherbourg*, *Stepford Wives* og *Canterbury Tales*.

◆
Hvað fær þig helst til að hlæja?

Áslaug: Beittur húmor, háð, Jökull á facebook.

Ívar: Misræmis- og Hobbesískir brandarar.

Magnhildur: Eitthvað fyndið.

Laufey: Fíflagangur og súrrealískt bull sem verður til með skemmtilegu fólki.

Sveinbjörg: Óspillt gleði? Eða, ég veit það ekki. Getur þú sagt mér það?

Hefur þú farið í sjósund?

Áslaug: Nei, ég er ekki masókisti.

Ívar: Aldrei við strendur Íslands. Fordast sjálfspíningar.

Magnhildur: Nei of kalt fyrir mig.

Laufey: Já.

Sveinbjörg: Já, ég fæ mér reglulega sprett á sumrin.



Með hvaða skáldskaparsónu myndir þú helst vilja fara með í sjósund?

Áslaug: Engri, en ef ég fengi að fara út að borða með skáldskaparsónu að vild dettur mér Bernard Samson í hug.

Ívar: Hef heyrt af fólki sem hefur fengið hjartaslag í sjósundi í Nauthólsvík. Get vel hugsað mér að synda með Hallgerði Höskuldsdóttur langbrók.

Magnhildur: Einhverri sem gæti leikið fyrir mig bát sem ég sæti í svo ég þyrfti ekki að fara ofaní sjóinn.

Laufey: Andrési Önd.

Sveinbjörg: Línu Langsokki, Dr. Watsyni og Sjóaranum.



Hvaða námskeiði/dægradvöl mælir þú með?

Áslaug: Rússnesku.

Ívar: Hjálp í viðlögum.

Laufey: Syngja í hljómsveit.



Hvaða tónlist hlustar þú mest á – á þorranum?

Áslaug: Sjostakovítsj.

Ívar: Cream, Uriah Heep o.fl.

Laufey: Diskóeyjuna með Prófessornum og Memfismafiunni.

Sveinbjörg: Öhm, það er sibreytilegt, en þær plötur sem eru mest í á spilaranum núna eru; Tago Mago (Can), Farewell Goodnight's Sleep (Lay Low), Glimmande Nymf (CMB Trio) og Dúkkulísur með samnefndri hljómsveit. Svo bíð ég í ofvæni eftir að hlusta á nýjustu plötu PJ Harvey "Let England Shake".

◆
Guð eða Gaddafi?

Áslaug: Gandálfur.

Ívar: Guð er dauður, Gaddafi er sprelllifandi.

Magnhildur: Guð.

Laufey: Guð.

Sveinbjörg: Í djeilið með þá báða!

Hvað langar þig að fá í kvöldmat í kvöld?

Áslaug: Límónu/rósmarín kjúkling (heilsteiktan).

Ívar: Nautakjöt í ostrusósu, þó ekki íslenskt nautakjöt.

Magnhildur: Kjúkling með einhverju dásamlegu meðlæti og ekki gleyma súkkulaði á eftir.

Laufey: Hrogn og lifur.

Sveinbjörg: Heitt naut á kaldri núðlusæng. Þ.e. Lemongrass-chilli-marínerað naut með bauna-

spírum, gúrku, tailenskri basilíku og mintu í hrísgrjónapappír og víetnamskri sætchilli-sósu.
Namm!



Ef þú mættir velja þér land til að heimsækja næstu helgi eða svo, hvert færirðu? Af hverju?

Áslaug: Frakkland eða Rússland, eða Indland, eða Nepal eða Vietnam eða

Ívar: Austurland, hef ekki efni á öðru.

Magnhildur: Tenerife því ég er að fara þangað næstu helgi (jibbý)

Laufey: Holland. Væri gaman að fara á myndlistarsýningaropnun Helgu Óskarsdóttur í Amsterdam.

Sveinbjörg: Kannski til Suður-Spánar, Andalúsíu. Þangað væri gaman að koma að heimsækja gott fólk og keyra aðeins um sveitina. Annars er ég nýkomin heim frá Kambodíu svo mér finnst líka ágætt að vera aðeins í Reykjavíkinni.



Hvaða bók, kvikmynd, myndlist, tónlist eða leiksýningu mælir þú með af öllu þínu hjarta – og hvað er það sem heillar þar?

Áslaug: T.d. *Fanny och Alexander*, kvikmynd Ingmars Bergman. Hún er heillandi vegna þess að hún er bæði ljúf og hryllileg, vel leikin og fantavel leikstýrð. Hún verður sýnd í mánu dagsbíói í apríl.

Laufey: Ég get mælt með sýningu sem er í Nýlistasafninu núna og stendur til 27. mars. Þar er allt fullt af gleði og sköpunarkrafti.

Tekur þú lýsi? – En villta grænþörunguna?

Áslaug: Lýsi á hverjum morgni.

Ívar: Hvorugt.

Magnhildur: Lýsispillur já - Grænþörunguna nei hvorki villta né stillta.

Laufey: Omega3, lýsisigildi.

Sveinbjörg: Allt saman! Lýsi, grænfriðungu, ólífuolíu, hörfræ, engifer og endalaust af sterku og súru.



Er nóttin stjörnuþjört?

Áslaug: Það væri óskandi, sem oftast.

Ívar: Já.

Magnhildur: Nei.

Laufey: Já.

Hver er þín fyrsta minning af bókasafni?

Áslaug: Vikulegar ferðir á ameríska bókasafnið í París í æsku þar sem ég las allar Oz bækurnar, *Húsið á sléttunni* seríuna og svo margt fleira. Farið var upp á 3. eða 4. hæð í gamalli lyftu með jarnrimlum sem

hækkaði hægt og sígandi, skröltandi og skjálfandi þar til dyrnar opnuðust og maður gekk inn í paradís bókaormsins.

Ívar: Próflestur í Borgarbókasafninu á menntaskólaárunum.

Magnhildur: Í barnaskóla að taka lestrarpróf á bókasafninu.

Laufey: Úr Bókasafni Ísafjarðar sem var á loftinu fyrir ofan Sundlaugina. Íðulega farið þangað seinnipartinn eftir sundferð. Mjög notalegt að hanga tímunum saman og skoða bækur. Það var sundlaugarlykt þar og rakastigið ekki miðað við þarfir bóka. Ég þekkti það safn mjög vel og starfsólkið líka, eðal bókaverðir þær Ella Magnfréðs og Díska.

Sveinbjörg: Bókasafnið við Blågård's Plads á Nørrebro í Kaupmannahöfn, en það var hverfissafn mitt um þær mundir er ég lærði að lesa. Þar háði ég jafnframt mína fyrstu búrokratísku deilu, en starfsfólkið þar vildi endilega fá einhverja undirskrift frá forráðamönnum mínum svo að ég gæti tekið út bækur þaðan. Mér fannst þetta allt hið erfðasta mál. Svo fann ég einu sinni hundrað-



kall sem hafði verið notaður sem bókamerki í einni bókinni. Því miður man ég ekki í hvaða bók hann var.



Hvaða ár hófst þú að brúka internetið? – Breytti það lífi þínu?

Áslaug: Ca. 1992. Já, óneitanlega breyttist margt við það.

Ívar: Um 1990 – það bjargaði lífi mínu þegar ég fór að verzla á ebay og losnaði undan arðráni íslenskra kaupahéðna.

Laufey: Ég held fyrst í kringum 1997. Já það hefur breytt miklu í lífi mínu.

Sveinbjörg: Það var árið 1994 eða fimm, held ég, ég var mjög skeptísk á þetta fyrirbæri í upphafi. Ég hélt það myndi gjörbylta lífum okkar og að þarna væri upphafið að enn meiri félagslegri einsleitni og stjórnun og að við myndum breytast líkamlega og andlega í einhvers konar sýndarverur. Ég hef að mestu horfið frá þeim hugmyndum. Í teiknimyndinni Wall-e er þessari bölsýn komið ágætlega til skila.

Langar þig að dansa núna? – Við hvern og við hvaða lag?

Áslaug: Já, við Mick Jagger. Lag: Under my thumb.

Ívar: Föst regla, dansa aldrei fyrir kvöldmat.



Kveðja frá stjórninni

Stjórn Hlöðvers hefur nú setið í tvö löng ár (2009-2011). Ný stjórn verður kosin á aðalfundi 7. apríl n.k. Við þökkum fyrir okkur! Frá vinstri: Áki, Vigdís, Sigurgeir, Bryndís Ingvars, Laufey, Soffía.

Laufey: Langar alltaf að dansa. Úlfhildur Tómasdóttir er minn helsti dansfélagi. Núna væri gaman að dansa t.d. við gamla Doors-lagið Hello, I Love You.

Sveinbjörg: Já alltaf! Eigum við kannski að taka eitt létt spor við “Are you Lonesome tonight” með Elvis Presley?

Ljóðræði að lokum...

Áslaug: Söngur flautunnar læðist um húsið – bægir burt öllu angri

dying man for free. It's a miracle.”

Roger Waters

Magnhildur: Lífið er stutt – Njóttu þess.

Laufey: á trúnó, í Ecco, á ímó.

Sveinbjörg:

Kastaðu fötum dagsins út yfir sjónarröndina og sökktu þér í ljóð Ef þau eru úr eldi finnur þú fötin þín aftur

Elías Knörr

Ívar: “Miraculous you call it ... A doctor in Manhattan saved a dyi-



Þorsteinn Gylfason

Ég er orðinn þreyttur í hendinni

15. mars 2011 · · Unlike · Comment

You, Sjöfn Kristjánsdóttir and 12 others like this.

Hver er maðurinn? Hver er konan?

Boys will be girls and girls will be boys, sungu Kinks á síðhærða tímabilinu. Nú er úr vöndu að ráða. Hér eru fjórir kollegar á myndum sem fornleifadeild Hlöðvers gróf upp í öryggisgeymslunni í kjallaranum á dögnum. Þekkir þú fólkíð?



Sannleikur

fundinn af manni sem opnar öll hlið með lykli

lykli lífsgátunnar er væri nú að fullu ráðin með nýjustu tækni

tækniframfarir aukast en heimsmening glatast aldingarður sálarinnar er seldur á uppboði

boð um betra líf stendur aðeins til þriðjudags

Jökull Sævarsson

Smáauglýsingar

Tapað fundið

Tapast hefur hárlakksbrúsi og líkþornaplástur. Skilvís finnandi hafi samband í síma 5255681.

Til sölu

Litið notaðar stólpípur og grænleitur popplínfrakki. Skipti á gangfærri bifreið koma til greina. Upplýsingar í síma 5255622 á milli kl. 12:30 og 13:00.

Til sölu – fjáröflun

Höfum til sölu vel með farna bókavagna, af de-lux gerð. Henta vel konum sem heita Jónína eða Jóhanna. Einnig handsápa og sóttþreinsandi handspritti af ýmsum gerðum, auk fartölvulása. Er þetta liður í fjáröflun Hlöðvers til væntanlegrar Berlínarfárar. Áhugasamir hafi samband við stjórn Hlöðvers.

Óskast keypt

Óskum eftir verklagsreglu um ísskápsþrif. Á sama stað selst heilleg en úrelt Gæðahandbók. -Framkvæmdaråd-

Námskeið í boði

Örnámskeið 31. mars kl. 14-15.15 Efni námskeiðs: Hvernig loka skal glerhurðum án fingrafara. Kennari: Sveinlaug Sæmundsdóttir, doktor í örverufræði. Ókeypis aðgangur er á námskeiðið en það er haldið í boði rekstrar sviðs.

Aðsendar greinar:

Hlöðver fagnar framtíðarsýn Alþýðuflokksins um upplýsingatækni og telur að Þjóðarbókhlaðan eigi að taka þátt í að nýta þróun alnetsins.

Alþýðuflokkurinn og upplýsingatæknin

Eftir Jón Baldvin Hannibalsson

Alþýðuflokkurinn telur að þróuðustu þjóðfélög heimsins muni fjarlægjast æ meir þá iðnaðarframleiðslu sem einkenndi iðnbyltinguna. Í stað framleiðsluhagkerfanna hafa myndast þjónustuhagkerfi, sem munu áfram eflast.

Flokkurinn telur að alnetið (Internetið) sé að valda byltingu sem reynast muni viðtækari en flestir gera sér grein fyrir í dag. Alnetið mun binda fólk saman óháð fjarlægðum, gera landamæri enn óskýrari og breyta eðli fjölmiðlunar og viðskipta, sem munu verða sífellt alþjóðlegri. Alnetið mun einnig breyta afþreyingu, listum, menntun og stjórnarháttum, svo eitthvað sé nefnt.

Markmið okkar eiga að vera að tryggja að óþarfa hindranir standi ekki í vegi fyrir þróuninni og að Íslendingar geti tekið þátt í henni á jafnræðisgrundvelli og sem þátttakendur, ekki aðeins neytendur.

Alþýðuflokkurinn telur að stjórnvöld eigi að gæta þess að frjósamur jarðvegur sé fyrir hendi fyrir þá sem vilja sá fræjum nýrrar

uppskeru. Stjórnvöld eiga hinsvegar almennt ekki að velja útsæðið og ekki að styðja einn sáðmann umfram annan.

Umræða um upplýsingahraðbrautina er miklu fremur um atvinnumál og framtíðarsýn á því sviði en tækni. Fullyrða má að iðnaðar- og þjónustusamfélag framtíðarinnar verður ekki byggt án fullrar þátttöku í hinu alþjóðlega alneti og skilningi á möguleikum þess.

Alnet - hvað er það?

Hvað er upplýsingahraðbraut og alnet? Hraðbrautin er þýðing á því sem Al Gore varaforseti Bandaríkjanna nefnir *Information superhighway*. Hún er nokkurs konar alþjóðlegt vegakerfi upplýsinga, net ljósleiðara og símalína sem tengir tölvakerfi um allan heim í eina heild. Þetta net hefur á íslensku verið nefnt *alnet* eða *samnet*. Um alnetið má senda allt það sem hægt er að umbreyta í

runur af núllum og einum, sem eru frumeindir tölvutækninnar. Þar á meðal eru sjónvarpsmyndir, tónlist, ritað mál, talmál og símtöl, teikningar, talnagögn og hvers kyns upplýsingar.

Framfarir í tölvusamskiptum og ljósleiðaratækni sjá til þess að alnetið verði æ hraðvirkara og fullkomnara. Innan tíðar munu dreifikerfi fyrir síma, kapalsjónvarp og tölvunet sameinast í hinu alþjóðlega alneti og mun verða allsherjar æðakerfi heimsins. Netið dreifir runum af núllum og einum á öfurráða frá sendanda til móttakanda, en tölvubúnaður í sjónvarps- og símtækjum breytir rununum jafnóðum í myndir og hljóð eftir því sem við á.